



Hreppsnefnd 15.08.02

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 15.08. 2002

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 15. ágúst 2002 kl. 16.00 í Miklagarði. Mættir: Aðalbjörn Björnsson, Emil Sigurjónsson, Björn Halldórsson, Borghildur Sverrisdóttir, Steindór Sveinsson, Ólafur Ármannson og Sigurveig Róbertsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna .

1. mál. Fundargerðir hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps frá 27. júní sl.

Fundargerðin rædd og gerðar smávægilegar leiðréttingar. Fundargerðin síðan samþykkt

2. mál. Tangi h/f, starfsleyfi ásamt bréfi frá Hilmarí Jósefssyni, dags. 31. júlí sl.

Lagt fram bréf dags. 31. júlí sl., frá Hilmarí Jósefssyni varðandi lyktarmengun frá fiskimjölsverksmiðju Tanga hf. Jafnframt lögð fram drög að starfsleyfi verksmiðjunnar, sem legið hafa frammi á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps frá maí sl. Hægt að gera athugasemdir við drögin fram til 4. sept. nk.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Miklar umræður urðu síðan um málefnið þar sem fram kom mikilvægi þess að nýta nútímalega tækni til þess að ná sem best utan um vandamálið.

Lögð var fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd er vel ljóst mikilvægi verksmiðjunnar fyrir atvinnulíf byggðarlagsins. Engu að síður hefur staðsetning hennar það í för með sér að óþægindi íbúa verða meiri en ella.

Hreppsnefnd telur því mikilvægt að unnið verði markvisst að því að nýta bestu tækni til þess að lágmarka lyktarmengun frá verksmiðjunni.”

Tillagan var samþykkt með 7 atkvæðum.

3. mál. Starfsleyfi fyrir urðunarstað Vopnafjarðarhrepps við Búðaröxl.

Lögð fram drög að starfsleyfi fyrir urðunarstað Vopnafjarðarhrepps við Búðaröxl, sem sótt hefur verið um. Drögin hafa legið frammi á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps frá lokum júní. Jafnframt lagt fram bréf frá heilbrigðiseftirliti Austurlands varðandi mengunarmælingar umhverfis urðunarstað, þar sem fram kemur að ástand þar er gott.

Nokkrar umræður urðu um ástand sorpeyðingar- og frárennismála.

Hreppsnefnd mælir með því að gengið verði frá starfsleyfi í samræmi við fyrirliggjandi drög.

4. mál Aðalfundur SSA, dagskrá o.fl. Málið kynnt og farið lauslega yfir helstu mál sem verða á dagskrá.

5. mál. Chaty Jhosepson bréf dags. 25. júní og 1. ágúst sl., vegna Þorbrandsstaða.

Lagt fram bréf frá Chathy dags. 25. júní sl., ásamt fylgigögnum. Jafnframt lagt fram bréf frá sama aðila frá 1. ágúst sl. ásamt undirskriftarlistum, vegna leigu á Þorbrandssöðum.

Nokkrar umræður urðu um málið.

Lögð var fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur að svo stöddu ekki í hyggju að leigja Þorbrandsstaði til fastrar búsetu. Hugmyndir hafa verið uppi um að nýta húsið með öðrum hætti og er unnið að því að móta og útfæra endanlegar hugmyndir í þeim efnum. Komi til þess síðar að leigja viðkomandi eign út mun það að sjálfsögðu verða auglýst með tilskyldum hætti.”

Tillagan var síðan samþykkt með 7 atkv.

6.mál. Kosning kjörinna endurskoðenda og tveggja til vara.

Fram kom tillaga um aðalmenn:

Sigríður Bragadóttir
Vilhjálmur Vilhjálmsson
Samþykkt með 7 atkv.

Tillaga um varamenn:

Inga M. Ingadóttir
Haraldur Jónsson
Samþykkt með 7 atkv.

7. mál. Kolbeinsgata 55, viðhald utanhúss.

Lagt fram tilboð frá Ingólfi Arasyni málrameistara í verkið að fjárhæð kr. 4.990.910. Jafnframt lögð fram kostnaðaráætlun unnin af Teiknistofunni Óðinstorgi að fjárhæð kr. 4.050.000.

Ekki hefur náðast samkomulag um samningsniðurstöðu sbr. samkomulag aðila frá 1. ágúst sl. Hreppsnefnd leggur til að reynt verði að koma verkinu af stað og fá kostnaðarpætti sem ekki náðist samkomulag unna á því sem næst kostnaðaráætlun. Jafnframt verði kannað hvort ekki er nauðsynlegt að skipta um þak hússins.

8. mál. Landsþing sambands Ísl. sveitarfélaga 25. til 27. sept., kosning fulltrúa.

Hreppsnefnd samþykkir að fulltrúar hreppsins verði Emil Sigurjónsson, aðalmaður og Aðalbjörn Björnsson til vara.

9. mál. Skólaakstur

Lagt fram bréf frá Ingabirni Sigurjónssyni dags. 27. júlí sl., þar sem hann biðst undan skólaakstri á þeirri leið, sem hann hefur haft samning um. Ennfremur bréf frá Ólafi Þór Jónssyni dags. 30. júlí sl., þar sem óskað er eftir að taka við skólaakstri á framangreindri leið.

All miklar umræður urðu um málið og kom fram vilji meirihluta hreppsnefndar um að fella akstur þennan inn í einhvern þeirra samninga sem í gildi er við hina skólabílstjóra sveitarfélagsins, enda nýlega búið að ganga frá heilstæðum samræmdum samningum um allar skólaakstursleiðir í sveitarfélaginu, þar sem veruleg lækkun á taxta náðist fram.

Ólafur Ármannsson lýsti því yfir að að frágangur þessa máls ætti að vera á höndum sveitarstjóra og skólastjóra og lagði fram svohljóðandi tillögu: "Hreppsnefnd felur skólastjóra og sveitarstjóra að ganga frá máli varðandi skólaakstur."

Tillagan samþykkt með 3 atkv. gegn 2 atkvæðum. Tveir sátu hjá við umræður og atkvæðagreiðslu vegna vanhæfis.

Lögð fram svofelld bókun:

"Við undirritaðir lýsum furðu á afgreiðslu meirihluta hreppsnefndar á máli 9 á dagskrá hreppsnefndarfundar 15./8 2002.

Það er okkar skoðun að viðkomandi skólaakstur eigi að bjóða út."

Björn Halldórsson
Steindór Sveinsson

Fleira ekki gert og fundi slitið.